

Fréttatilkynning frá Krónunni

Kópavogur 4. júlí 2024

Efni: Innköllun á Gestus rauð smoothie blanda

Matvælastofnun hefur í samráði við Krónuna, Heilbrigðiseftirlit Garðabæjar, Hafnarfjarðar, Kópavogs, Mosfellsbæjar og Seltjarnarness, innkallað Gestus, rauða smoothie blöndu af markaði þar sem varnarefnin Cypermethrin og Fenpropathrin mældust. Þessi varrúðarráðstöfun á eingöngu við lotu merkta **Best fyrir: 02.11.2025**

Varnarefni eru notuð við ræktun og geymslu matvæla svo sem ávaxta, grænmetis og kornvöru til að koma í veg fyrir eða draga úr skaða af völdum sveppa, illgresis, skordýra og annarra meindýra.

Eftirfarandi upplýsingar auðkenna vörunar sem innköllunin einskorðast við:

Vöruheiti: Gestus rauð smoothie blanda

Vörumerki: Gestus

Nettómagn: 450g

Framleiðandi: CROP ´S FRUIT N.V.

Innflytjandi: Krónan, Dalvegi 10-14

Framleiðsluland: Pólland

Lotunúmer/best fyrir dagsetningar: 02.11.2025

Geymsluskilyrði: -18°C

Dreifing: Krónan og KS

Viðskiptavinum sem hafa keypt vöruna í verslunum Krónunnar er bent á að skila þeim í viðkomandi verslun gegn fullri endurgreiðslu. Krónan biður viðskiptavini sína afsökunar á óþægindum sem þetta kann að valda.

Fyrir nánari upplýsingar um innköllun vörunnar er hægt að senda tölvupóst á netfangið innkallanir@kronan.is.

